Arion banki

Nefndarsvið Alþingis við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2015

Efni: Sjónarmið Arion banka vegna 571. mál þingsins vegna breytilegra starfskjara

Vegna frumvarps til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki, sem er 571. mál þingsins á þskj. 990, vill Arion banki koma eftirfarandi á framfæri.

Í 26. gr. frumvarpsins eru lagðar til fjórar nýjar greinar 57. gr. b- 57. gr. e. sem falla um starfskjör. Arion banki tekur undir þau sjónarmið sem er að finna í umsögnum SFF um þessi ákvæði frumvarpsins en vill koma á framfæri tilteknum sjónarmiðum vegna breytilegra starfskjara. Í b.-lið 26. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um hámark starfskjara sem gert er ráð fyrir að taki jafnt til allra fjármálafyrirtækja.

Í athugasemdum tiltekinna aðila vegna frumvarpsins er lagt til að settar verði sérreglur fyrir minni fyrirtæki. Í minnisblaði efnahags- og fjármálaráðuneytisins dags. 27. apríl sl., er m.a. að finna umfjöllun um mögulegar útfærslur hvað þetta atriði varðar.

Arion banki gerir verulegar athugasemdir við að gerður verði greinarmunur á fjármálafyrirtækjum hvað þetta atriði varðar. Það liggur fyrir að kerfislega mikilvæg fyrirtæki munu að hluta til lúta þyngri kröfum s.s. hvað varðar eiginfjárauka en að mati bankans liggja engin rök fyrir því að greint verði á milli fjármálafyrirtækja hvað þetta atriði varðar. Hæft starfsfólk er einn af grundvöllum þess að fjármálafyrirtæki nái árangri í samkeppni. Ef hluti fjármálafyrirtækja verður kleift að bjóða starfsfólki önnur og rýmri starfskjör hefur það verulega áhrif á samkeppnishæfni fjármálafyrirtækja. Rétt er að hafa það í huga að minni fjármálafyrirtæki hafa nú þegar í gegnum eignarhald möguleika til að bjóða starfsmönnum auknar greiðslur í gegnum arðgreiðslur, sem þekkt er að er gert og virðar slíkar reglur falla utan núgildandi reglna um kaupauka. Slíkt skerðir nú þegar samkeppnisstöðu stærri fjármálafyrirtækja sem hafa ekki kost á slíku. Eru m.a. dæmi þess að starfsfólk hætti störfum hjá stærri fjármálafyrirtækjum þar sem slík kjör minni fjármálafyrirtækja hafa ráðið úrslitum um að starfsfólki láti af störfum. Verði þessi munur á að veruleika getur slíkt inngrip löggjafans í starfsemi fjármálafyrirtækja haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar á starfsemi á fjármálamarkaði og öryggi hans.

Arion banki leggst því eindregið gegn því að samkeppnishæfni fjármálafyrirtækja verði raskað með þeim hætti að ólíkar kröfur verði gerðar til heimilda þeirra til að greiða starfsmönnum starfskjör.

Virðingarfyllst,

Höskuldur H. Ólafsson
bankastjóri